



MSS23100200

25. október 2023  
Reykjavík

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

**Efni:** Umsögn Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að bæta stöðu kynsegin fólks (nöfn og skilríki) – 103. mál.

Í bréfi dags 19. október 2023 sl. óskaði Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis eftir umsögn Reykjavíkurborgar vegna frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lögum til að bæta stöðu kynsegin fólks (nöfn og skilríki), 103. mál. Reykjavíkurborg fagnar aðgerðum til að bæta stöðu kynsegin fólks og styður heilshugar flest sem þar kemur fram, en vill um leið vekja athygli á eftirfarandi.

Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að í stað þess að aðeins megi breyta kynskráningu sinni einu sinni, nema sérstakar ástæður séu til annars, sé þess í stað leyfilegt að breyta kynskráningu að vild, gefið að meira en eitt ár sé liðið frá síðustu breytingu.

Með þessari viðurkenningu að kynvitund geti verið flæðandi eða breytileg og það sé því eðlilegt að einstaklingar vilji fá breyttri kynskráningu sinni oftar en einu sinni um ævina, væri eðlilegt að slíkum breytingum væru ekki settar neinar hömlur. Enginn tímarammi nær utan um það hvenær og hvernig eðlilegar breytingar á því hvernig einstaklingar upplifa kyn sitt og hvernig þau vilja lifa í sínu kyni, eiga sér stað. Það að setja tímatengdar hömlur á það hvort fólk megi breyta kynskráningu sinni, er í raun meira hamlandi fyrir þennan hóp kynsegin fólks en nógildandi grein. Nú eru leyfðar undantekningar í sérstökum aðstæðum, og má ætla að flæðandi kynvitund uppfylli einmitt þá skilgreiningu að vera sérstakar aðstæður.

Af framangreindu leiðir að Reykjavíkurborg telur rétt að hömlur tengdar breytingu á kynskráningu verði fjarlægðar að öllu leyti. Sé slík breyting ekki möguleg að þessu sinni telur Reykjavíkurborg rétt að greinin standi óbreytt að svo stöddu. Að lokum er rétt að taka fram að fulltrúar Reykjavíkurborgar eru tilbúnir til að mæta fyrir þingnefnd og gera betur grein fyrir þeim sjónarmiðum sem fram koma í umsögninni sé þess óskað.

## Samantekt

Reykjavíkurborg ítreka ánægju sína að enn sé unnið að réttarbótum fyrir kynsegin fólk. Meðfylgjandi eru þó nokkrar ábendingar varðandi 3. gr. frumvarpsins. Kynvitund einstaklinga getur verið flæðandi og enginn tímarammi nær utan um það hvenær og hvernig breytingar á kynvitund eiga sér stað. Reykjavíkurborg telur rétt að hömlur tengdar breytingu á kynskráningu verði fjarlægðar að öllu leyti.

Virðingafyllst,

f.h. Reykjavíkurborgar

Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir

Sérfræðingur í málefnum hinsegin fólks